

## Fundargerð Nemendaráðs ÖSE

Miðvikudagur 12. apríl 2023

### Mætt voru:

Kennarar: Anna Pála, Ragnheiður.

8.bekkur: Bergur, Agla, og Arna.

9.bekkur: Danijela, Embla, Hugrún, Elisabeth og Aðalheiður.

10.bekkur: Auður, Þórunn, Margrét, Helga, Tómas, Styrmir og Arnaldur

Gestir: Sigrún skólastjóri og Jóhann kokkur.

### Málefni fundar:

- Fundur var settur kl.11:58
- Undirbúin var umfjöllun fyrir fundinn vegna þess að stjórnendur ætla að koma.
- Auður fékk svar frá Pegasus. Bolirnir eru til og starfsmenn í Pegasus eru opnir fyrir því að skipuleggja opnun varðandi skólahreysti og búa til stemningu.
- Sigrún og Jóhann mættu klukkan 12:06.
- Rætt var um sjoppuna. Sigrún skólastjóri er mjög opin fyrir Aur greiðslu forritinu vegna þess að það er rándýrt að leigja posa.
  - Hún ætlar að hafa samband við Aur og kanna hvernig best er að haga þessu.
- Sigrún og Jói stefna á að koma sjoppunni í gang næsta mánudag, 24. apríl. Nemendur í 10. bekk taka vaktirnar í sjoppunni, að minnsta kosti tveir nemendur. Ninja og Styrmir taka fyrstu vaktina, 24. apríl.
  - Helga ætlar að búa til google forms skjal til þess að skipuleggja hvaða nemendur geta tekið vakt í sjoppunni og hvenær.
  - Helga ætlar að áframsenda póst, sem fór á stjórnendur um það sem ætti að vera selt í sjoppunni, á kokkinn.
- Rætt var um matinn í skólanum. Jói telur að matarsóunin hafi minnkað talsvert, sem betur fer. Hann telur að hún sé minni eftir að nemendur fóru að skammta sér sjálfir.
  - Eins var nemendaráðið búið að vera með hvatningu á TikTok til að hvetja nemendur til að skammta sér hóflega.
- Sigrún ætlar að athuga hvort kennarar séu búnir að fá póst um stöðupróf nemanda að voru. Það átti að vera um að í vor geti prófin hækkað einkunnir en ekki lækkað þær.
- Rætt var um skónotkun í skólanum og Sigrún segir þá reglu gilda fyrir alla. Hún ræddi þetta mál á fundi áður en margir kennarar nota skóna inni fyrir lookið. :)
- Auður, Danijela og Ninja gera Tiktok myndband til þess að auglýsa íþróttadaginn.
- Helga spurði starfsmenn Pegasus hvort Öse sér um þemadagana eða Nemópegó.
  - Öse mun sjá um velja þemaklæðna fyrir þemadagana.
  - Fulltrúar Öse og Nemópegó munu nota árshátíðardaginn til þess að skreyta salinn.
- Skrifaðar voru tillögur um þemaklæðnað á töflu.
  - Fyrir valinu varð
  - Mánudagur: **Túristar.**
  - Þriðjudagur: **Áratuga þema.**
    - 10. bekkur '90

- 9. bekkur '00
- 8. bekkur '80
- Kennarar '70

- Miðvikudagur **Endurlit.**

- Klæðir þig eins og þú klæddir þig þegar þú varst yngri.
- Hópefli Þórunn og Auður
- Nemendur ætla að klára að gera auglýsingar fyrir þemadaga eftir fund.
- Fundi slitið kl. 13:09

- **Framundan:**

- Árshjólíð.
- Vinna með fyrirmyndir.
- Sjoppa í matsal - búa til vaktaplan.
- Fleiri spil í álmu.
- Skólahreysti.
- Hópefli 26. apríl Styrmir og Tómas.

Fundarritari: Margrét Ólöf Kusse Soka.